


## GILDANDI DEILISKIPULAG 1: 500

Samþykkt í borgarráði 15.maí 2020

Auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 15. júlí 2020




## TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI 1: 500



Hluti úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030







**YFIRLITSMYND 1: 500**

Númer og staðsetning deiliskipulagsbreytinga



**HEILSUVERNDARREITUR, YFIRLITSMYND 1: 2000**

UPPHAFLEGA SAMÞYKKT Í BORGARRÁÐI 11.APRÍL 2003

### Greinargerð með tillögu að deiliskipulagsbreytingu

Í gildi er deiliskipulag fyrir Heilsuverndarreit, samþykkt í borgarráði þann 11. apríl 2003 ásamt síðari breytingum. Nýjasta breytingin fyrir lóðirnar 58-60 við við Snorrabraut var samþykkt 15. maí 2020 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 15. Júlí 2020. Breytingartillaga þessi nær til lóðarinnar Snorrabraut 60.

Skilmálar og ástæður breytinga á deiliskipulagi eru:

Skilmálar:

1. Nýr byggingarreitur kemur fyrir einnar hæðar viðbyggingu við bakinngang á vesturhlið núverandi byggingar. Hæð og þakform miðast við núverandi viðbyggingu varaaflstöðvar og sorpgeymslu. Núverandi sorpgeymslur verða fjarlægðar og verða hluti af nýrri viðbyggingu. Brúttóstækkun viðbyggingar er allt að 70m².
2. Nýr afgirtur 2.000 l köfnunarefnistankur kemur við norðurgafl núverandi húss Snorrabrautar 60.
3. Tvö bílastæði með aðkomu um Egilsgötu 3 talin með til bílastæðabókhalds.

Ástæður breytinga:

1. Gerðar hafa verið athugasemdir um fyrirkomulag um móttöku og afhendingu á viðkvæmum vörum og afurðum Blóðbankans. Til að verða við athugasemdum þarf úrbætur á núverandi húsnæði þannig að aðskilja megi mismunandi umferð um húsnæðið. Þessar úrbætur krefjast stækkunar anddyris við bakinngang á vesturhlið núverandi byggingar.
2. Athugasemdir hafa verið gerðar vegna hættu sem skapast við áfyllingu köfnunarefnistanks sem er staðsettur inni í húsinu. Sótt er um að koma nýjum afgirtum 2.000 l köfnunarefnistanki fyrir utanhúss, við norðurgafl Snorrabrautar 60. Að sögn framleiðenda búnaðarins er staðsetning sbr. tillögu, stærð og gerð tanksins þannig að af honum stafar ekki hætta fyrir umhverfið.
3. Nýta betur ónýttan lóðarhluta.

Bílastæðabókhald:

Bílastæðafjöldi frá fyrra skipulagi er sá sami. Vegna nýrrar einnar hæðar viðbyggingar á vesturhlið tapast tvö bílastæði á lóðinni. Á móti koma tvö bílastæði í norðvesturhorni með aðgengi frá Egilsgötu 3 sem ekki voru talin með í fyrra skipulagi.

Að öðru leyti gildir greinargerð með deiliskipulagsbreytingu Snorrabrautar 60, samþykkt í borgarráði 16.maí 2019 og seinni breyting samþykkt 15. maí 2020. Þar er gerð grein fyrir helstu forsendum, stefnu og skilmálum fyrir deiliskipulagið og forsendum aðalskipulags.




**SNIÐ A-A, 1: 500** Hæð miðast við aðkomukóta

### Byggingarmagn

Breytingar eru innan byggingarheimilda gildandi deiliskipulags lóðarinnar.

**Stærðir, yfirlit**

Stærðir, yfirlit viðbygginga við Snorrabraut 60, ofanjarðar:

| | |
|---|---|
| **Dsk.br. 1.h. viðbyggingar til vesturs við bakinngang** | **70,0m²** |
| Fyrirhuguð viðbygging til suðurs ofanjarðar | 3.255,4m² |
| Samtals: | 3.325,4m² |

Heimild gildandi deiliskipulags:

| | |
|---|---|
| A-rými, Hámarksstærð viðbyggingar ofanjarðar: | 3.350,0m² |

**HEILSUVERNDARREITUR**
**TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI**
**SNORRABRAUTAR 60**

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á

emb.afgr.f. skipulagsfulltrúa þann 8. október 2021.

Tillagan var grenndarkynnt frá 7.september 2021

með athugasemdafresti til 5. október 2021.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í

B-deild Stjórnartíðinda þann 5. nóvember 2021.

[signature] REYKJAVÍKURBORG SKIPULAGSFULLTRÚI

| breyting: | skýring: | dags.: |
|---|---|---|
| A | Leiðrétting á texta og breytt skipulagsferli | 16/08/2021 |

KANON ARKITEKTAR

Laugavegi 26 101 Reykjavík sími 5124200 www.kanon.is

**Snorrabraut 60**
**tillaga að deiliskipulagsbreytingu**

efni:
**deiliskipulagsuppdráttur**

| mkv.: | teiknað | yfirfarið |
|---|---|---|
| 1:2000 og 1:500 | HBTH | HB |

| teikn.nr. | dags.: |
|---|---|
| 17-08 30003-A | 22.6.2021 |

skrá: